

**54. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
7. febrúar 2017 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Þórður Guðjónsson varamaður, Elín Theódóra Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, Anney Ágústsdóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1610022 - Sumarlokun leikskóla 2017 - Sumarskóli

Skóla- og frístundaráð samþykkir að þrír leikskólar á Akranesi loki í fimm vikur í sumar en einn leikskóli taki að sér að reka sumarskóla leikskólanna í tvær vikur. Skóla- og frístundaráð leggur til að það verði hlutverk eins leikskóla að reka sumarskólann. Skóla- og frístundaráð beinir því til bæjarráðs að veitt verði fjármagn til orlofsbætingar til leikskólans sem tekur að sér sumarskólann sem nemur kostnaðinum við hann.

Lögð er áhersla á að vanda til kynningar á fyrrkomulaginu fyrir foreldrum og starfsmönnum.

Skóla- og frístundaráð beinir því til næstu fjárhagsáætlunargerðar að fjármagn fari til leikskólanna til að bæta orlofstöku starfsmanna.

2. 1702047 - Leikskólar - vinnureglur vegna undirmönnunar

Vinnureglur - viðmið

Viðbrögð og aðgerðir vegna undirmönnunar í leikskólum, sem skapast vegna veikinda eða annarra fjarvista starfsmanna í leikskólum Akraneskaupstaðar

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leikskólastjórar í samvinnu við sviðsstjóra fari eftir þeim vinnureglum sem lagðar voru fram.

Skóla- og frístundaráð vill hrósa starfsfólk leikskólanna á Akranesi fyrir metnaðarfullt og óeigingjarnt starf.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna víkja af fundi kl. 17:15


3. 1702049 - Erindi vegna Parkour og hjólahreystibrautar

Ósk um samstarf um skipulagningu á uppsetningu á hjólahreystibraut og Parkour leiksvæði á Akranesi.

Alexander Kárason kynnir hugmyndir sínar um möguleikana sem felast í því að auka fjölbreytni í íþróttaiðkun barna og ungmenna.

Jón Hjörvar áheyrnarfulltrúi ungmenna tók sæti á fundinum kl. 17:30

Skóla- og frístundráð þakkar Alexander Kárasyni fyrir góða kynningu og vísar



málinu til frekari skoðunar á skóla- og frístundasviði í samstarfi við skipulags- og umhverfissvið, ÍA og stjórnendur grunnskólanna.

Jón Hjörvar víkur af fundi kl. 18:15

4. 1607058 - Akraneshöll - nýtt gervigras

Lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs um endurnýjun á gervigrasi í Akraneshöll.

*Lagt fram til kynningar
skóla- og frístundaráð fagnar því að stefnt er að því að endurnýja gervigras
Akraneshallar á árinu.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Rauð Oskar Leitsson
Jónas Guðlaugsson
Rauður Ósk Ragnarsdóttir
Sigrún I. Guðnadóttir
Kristján H. Sveinsson